

með 1. janúar 1966. Þessi ákvörðun ráðuneytisins hefur ekki verið tekin til nýrrar athugunar, svo að séð verði.

Í 78. grein laga nr. 39/1921 segir, að ef breytist kjör foreldra eða þörf barna, megi stjórnarráðið breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum, krefjist annað foreldra þess. Telja verður að hér sé dómsmálaráðuneytinu fengið frjálst mat þess, hvort kjör aðilja hafi breytzt á þann veg, að rétt sé að fella niður greiðsluskyldu þá, er það hefur ákveðið í leyfisbréfi, og að dómstólar eigi ekki úrskurð um lögmæti slíkrar ályktunar.

Þykir því ekki heimilt að láta umbeðið lögtak ná fram að ganga. Rétt er að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan

Því úrskurðast:

Lögtaksgerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. apríl 1968.

Nr. 53/1968. Ræsir h/f

gegn

Valgeiri Helgasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 57/1962 til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1968, er barst dóminum 19. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 31. janúar s.l., verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið af efni til. Þá krefst hann og kæru-

málskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Sóknaraðili fékk vitneskju um frávísunardóminn hinn 15. febrúar s.l.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónsson hæstaréttardómara.

Í máli því milli sömu aðilja, sem dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 18. nóvember 1964, krafði sóknaraðili varnaraðilja aðeins um greiðslu afborgana þeirra, er inna skyldi af hendi 13. maí og 13. ágúst 1964, og er sá dómur bæjarþingsins á því byggður. Krafa sóknaraðilja í máli því, sem hér er um fjallað, er um greiðslu afborgunar þeirrar, sem varnaraðili skyldi inna af hendi 13. febrúar 1964, og var eigi um þá kröfu dæmt í hinu fyrra máli. Bar héraðsdómara því, eins og atvikum var háttað, að leggja efnisdóm á kröfuna nú, sbr. 71. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnisdóms.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur. Er málinu vísað heim í hérað til efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Ræsis h/f, á hendur varnaraðilja, Valgeiri Helgasyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. þ. m., hefur Ræsir h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. október 1967, gegn Valgeiri Helgasyni, Reykjanesvegi 12, Ytri-Njarðvík, til greiðslu á skuld að fjárhæð þýzk mörk 2.250 ásamt 7½% ársvöxtum frá 13. febrúar 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins. Jafnframt er krafist staðfestingar á 1. veðrétti í bifreiðinni G 353, Mercedes Benz, fyrir stefnufjárhæðinni.

Stefndi hefur krafist þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt mati réttarins.

Leitast hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Mál þetta er rekið hér fyrir dóminum samkvæmt ákvæði í síðargreindu veðskuldabréfi.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að á árinu 1963 keypti stefndi bifreið af stefnanda af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1963. Kaupverð bifreiðarinnar var kr. 251.416.00, og áætlað stimpil- og þinglýsingargjald skuldabréfs, sem stefndi gaf út fyrir hluta kaupverðsins, var kr. 1.907.00. Stefndi greiddi í peningum hinn 4. september 1963 kr. 75.000.00, hinn 9. september 1963 kr. 55.956.00 og hinn 18. september 1963 kr. 22.029.00. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 97.338.00, námu þýzkum mörkum 9.000 miðað við gengi kr. 1.081.53. Hinn 10. september 1963 gaf stefndi út handhafaveðskuldabréf að fjárhæð þýzk mörk 9.000.00. Í veðskuldabréfi þessu veðsetti hann bifreiðina, sem hann keypti hjá stefnanda, með 1. veðrétti jafnhliða kvöð rikissjóðs að fjárhæð kr. 68.137.00. Skrásetningarnúmer bifreiðarinnar var G 353.

Veðskuldabréfið skyldi greiða með fjórum jöfnum afborgunum, þýzk mörk 2.250.00 hver afborgun, í gjalddögum 13. nóvember 1963, 13. febrúar 1964, 13. maí 1964 og 13. ágúst 1964. Stefndi kveður stefnda hafa greitt af skuldabréfi þessu hinn 17. marz 1964 kr. 10.000.00 og hinn 31. marz 1964 kr. 14.334.50. Er frekari greiðslur hafi ekki borizt frá stefnda, hafi lögmanni stefnanda, Sigurði Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, verið falið að innheimta eftirstöðvar veðskuldabréfsins, sem stefndi þá af mistökum hafi einungis talið nema þýzkum mörkum 4.500.00, það er að segja afborgununum pr. 13. maí og 13. ágúst 1964. Stefndi segir, að stefndi hafi ekki sinnt greiðsluáskorun lög-

manns stefnanda, og var stefndi hinn 18. nóvember 1964 dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur til þess að greiða stefnanda þýzk mörk 4.500.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Fjárnám var gert fyrir dómkröfunni hinn 18. janúar 1965. Greiddi stefndi kröfuna með samtals kr. 62.953.00. Af þeirri greiðslu voru kr. 48.418.20 greiðsla á meintum höfuðstóli og mismunurinn, kr. 14.534.80, til greiðslu á vöxtum og kostnaði.

Er í ljós hafi komið á árinu 1966, að stefndi skuldaði enn afborgun pr. 13. febrúar 1964, segir stefnandi, að stefndi hafi strax verið krafinn um greiðslu á þeirri afborgun, en greiðsluloforð hans hafi öll brugðist.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur stefnandi sig hafa fyllilega gert grein fyrir því, að stefndi hafi aldrei greitt af skuldabréfinu þá afborgun, sem honum hafi borið að greiða hinn 13. febrúar 1964. Verði að telja, að stefndi sé enn greiðsluskyldur þrátt fyrir það, að stefnanda hafi orðið það á að halda ranglega, að afborgun þessi væri greidd, er hann fól lögmanni sínum innheimtu skuldarinnar síðla árs 1964. Svo sem fyrr greini, þá nemi þessar eftirstöðvar þýzkum mörkum 2.250.00, og telur stefnandi rétt, að stefndi greiði vexti af fjárhæð þessari frá 13. febrúar 1964 til greiðsludags, eins og krafizt sé í stefnu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi þegar greitt veðskuldabréfið að fullu. Í greinargerð stefnda segir svo, að stefndi hafi greitt gjaldkera stefnanda fyrstu afborgun veðskuldabréfsins pr. 13. nóvember 1963, skömmu eftir gjalddaga, í peningum. Aðra afborgun pr. 13. febrúar 1964 kveðst hann hafa greitt í tvennu lagi og séu innborganirnar dagsettar 17. marz og 31. marz 1964. Geti því alls ekki verið um að ræða, að stefndi skuldi aðra afborgun bréfsins, eins og í stefnu og greinargerð stefnanda segi. Í stefnu sé aðeins krafizt vaxta frá 13. febrúar 1964, en það bendi til þess, að nú sé verið að krefjast í þessu máli þriðju afborgunar bréfsins pr. 13. maí 1964, en ekki annarar afborgunar pr. 13. febrúar 1964, svo sem gert sé í stefnu, þar eð vextir greiðist eftir á samkvæmt veðskuldabréfinu. Enn fremur bendir stefndi á, að í fyrra dómsmálinu, sem stefnandi hafi höfðað á hendur stefnda út af framangreindu veðskuldabréfi, hafi lögmaður stefnanda tekið fram í stefnu, útgefinni 13. október 1964, að tvær afborganir af veðskuldabréfinu hafi verið greiddar, samtals þýzk mörk 4.500.00. Stefnandi sé bundinn af þessari yfirlýsingu lögmanns síns samkvæmt 4. gr. laga nr. 61 frá 4. júlí 1942 um málflytjendur. Á þessum grundvelli hafi fyrra

dómsmálið verið dæmt milli aðiljanna og samkvæmt 195. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði hafi sá dómur res judicata verkanir gagnvart þessu máli og verði því krafa sú, sem sett er fram í þessu máli, eigi borin undir dómstólinn á nýjan leik.

Er stefnandi höfðaði fyrra málið á hendur stefnda vegna veðskuldabréfs þessa, en það var gert með stefnu, útgefinni 13. október 1964, segir í stefnu málsins, að það sé höfðað til greiðslu á skuld að fjárhæð 4.500.00 þýzk mörk ásamt 7½% ársvöxtum frá 13. febrúar 1964 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt mati dómsins. Síðan segir svo orðrétt í stefnunni: „Skuld þessi er skv. veðskuldabréfi, útgefnu af Valgeiri O. Helgasyni hinn 10. september 1963, og var það upphaflega að fjárhæð 9.000 vesturþýzk mörk, en tvær afborganir hafa verið greiddar, samtals 4.500 mörk, en afgangurinn hefur ekki fengizt greiddur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, og er því gerð krafa sú, sem að ofan greinir ...“.

Inn á sjálft veðskuldabréfið hafa eigi verið áritaðar neinar afborganir, svo sem stefnanda bar þó lögskylda til samkvæmt 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, þá verður að telja, að stefnandi sé bundinn af yfirlýsingum lögmanns síns í framangreindri stefnu, útgefinni 13. október 1964, samkvæmt 4. gr. laga nr. 61 frá 4. júlí 1942 um málflytjendur. Á grundvelli þessara yfirlýsinga var dómur uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 18. nóvember 1964 í máli milli sömu aðilja, er höfðað hafði verið til heimtu á eftirstöðvum framangreinds veðskuldabréfs. Getur stefnandi því eigi á nýjan leik höfðað mál á hendur stefnda til greiðslu eftirstöðva bréfs þessa. Ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio samkvæmt 196. gr., in fine, laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.